



Alþingi
Erindi nr. P 136/1264
komudagur 16.3.2009

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 16. mars 2009
Tilvísun: 200903-0002

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn), 356. mál

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, 356. mál. Umsögn ASÍ lýtur að 2. gr., 3.gr., 8. gr. og 9. gr. frumvarpsins.

ASÍ fagnar frumvarpinu þar sem m.a. er hvatt til þess að gætt verði að kynjahlutföllum í stjórnun hlutafélaga og einkahlutafélaga. Auk þess er lögð áhersla á að kynjasjónarmið sé haft að leiðarljósi við ráðningar í stjórnunarstöður hjá hlutafélögum og einkahlutafélögum.

ASÍ telur mikilvægt að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og ekki síst að jafna stöðu kvenna og karla í stjórnunar- og áhrifastöðum. Eins og fram kemur í gildandi jafnréttislögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008 skulu atvinnurekendur vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna í starfsemi sinni og á vinnumarkaði almennt.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á upplýsingagjöf til hlutafélagaskrár um hlutföll kynjanna í stjórnun, meðal starfsmanna og framkvæmdastjóra hlutafélaga og einkahlutafélaga. Alþýðusambandið telur að kyngreindar upplýsingar á sem flestum sviðum samfélagsins séu nauðsynlegar og forsenda samþættingar jafnréttissjónarmiða í stefnumótum og ákvörðunum.

Alþýðusamband Íslands styður því frumvarpið.

F.h. Alþýðusamband Íslands

Marianna Traustadóttir
Jafnréttisfulltrúi

Alþýðusamband Íslands

Sæturni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is